

ákæru sóknarans í máli þessu, en greiði allan af rannsókninni og málinu gegn honum í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns í hjerði, Hallgríms prests Thorlacius og hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvers þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1894:

Guðbjartur Þórðarson

gegn

H. Andersen.

D ó m u r :

Mál þetta hefur H. Andersen sótt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Guðbjarti Þórðarsyni til skaðabóta fyrir sammingsrof o. fl., og var það dæmt 4. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að Guðbjartur skyldi greiða Andersen 2000 kr. í skaðabætur og í málskostnað 20 kr.

Með stefnu 20. janúar þ. á., hefur Guðbjartur áfrýjað máli þessi til landsyfirdómsins og þar krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefnda, Andersens, að stefndi verði sektaður fyrir óparfa málsýfingu, og dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirjetti með einhverri eptir mati rjettarins nægilegri upphæð. Hins vegar hefur stefndi, Andersen, krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði algjörlega staðfestur, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum á-

frýjanda, þar á meðal af kröfu hans um sekt fyrir ó-
þarfa málsýfingu og að honum verði dæmdur máls-
kostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausn.

Hinn 12. ágúst 1890 gjörðu málspartar þann samn-
ing sín í milli, að stefndi skyldi kenna áfrýjanda skradd-
araiðn, og meðal annara skilmála var, að áfrýjandi skyldi
vera við námið í 6 ár frá samningsdegi, að hann skyldi
ef hann hlypi burtu á námstímanum, greiða stefnda í
skaðabætur 1000 kr. (4. gr. samningsins), og loks að
hann, er námstíminn væri á enda, skyldi eigi mega
ganga í vinnu eða þjónustu hjá neinum öðrum skradd-
ara hjer í bæ, eða manni, sem ræki skraddaraiðn hjer
í bænum og heldur eigi sjálfur setja sig niður sem
skraddari, hvorki í sínu eigin nafni eða annara hjer
í Reykjavík, meðan stefndi ræki hjer skraddaraiðn, ella
greiða stefnda að skaðlausu í skaðabætur 2000 kr. (5.
gr. samningsins). Er tæp 3 ár voru liðin af námstím-
anum, stökk áfrýjandi frá náminu og nokkru síðar tók
hann sjálfur að stunda skraddaraiðn hjer í bænum.
Þótti stefnda þá áfrýjandi hafa rofið samninginn við
sig, sjerstaklega 5. gr. hans, og höfðaði því mál þetta
gegn honum til 2000 kr. skaðabóta, og þar að auki til
að bæta sjer fyrir atvinnutjón, er hann hafi bakað sjer
með niðrandi ummælum í blaðgrein einni, en úrslit
málsins urðu þau, er áður segir.

Eins og áður er um getið, stökk áfrýjandi burt frá
náminu nokkru áður en hálfur námstíminn var liðinn;
átti hann því eptir 4. gr. samningsins að greiða stefnda
1000 kr. í skaðabætur; en stefndi hefur ekki lögsótt
hann til þeirra skaðabóta, heldur til 2000 kr. skaðabóta,
samkvæmt 5. gr. samningsins, fyrir það, að hann tók
að reka skraddaraiðn hjer í bænum. Eptir orðanna

hljóðan í 5. gr. samningsins virðist eðlilegast að skilja ákvæði greinarinnar um 2000 kr. skaðabæturnar sem bundin því skilyrði, að áfrýjandi hefði verið hjá stefnda allan námstímann, 6 ár, með öðrum orðum væri orðinn fullnuma í skraddaraíðn, og er ekki ætlandi, að stefnda, er hann gjörði samninginn við áfrýjanda, hafi komið til hugar, að hann gæti bedið tjón af, þótt ekki hálfnuma unglingur færi sjálfur að reka skraddaraíðn eða að vinna hjá öðrum skröddurum, enda kveður 4. gr. samningsins skýrt á um, hver afleiðingin skuli verða fyrir áfrýjanda, ef hann hlaupi burt frá náminu áður en hinn umsamdi námstími væri á enda, án þess að samningurinn að öðru leyti gefi nokkurt tilefni til að ætla, að stefndi ætti heimtingu á skaðabótum hjá áfrýjanda eptir 5. gr. samningsins, fyr en námstíminn væri á enda.

Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, og virðist málskostnaður eptir atvikum eiga að falla niður.

Ekki þykir nein ástæða til að sekta stefnda fyrir óþarfa málsýfingu.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Guðbjartur Þórðarson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda, H. Andersens, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.